


Heiðarskóli



**Bekkjarnámskrá
9. bekkur
2011-2012**



Bakgrunnsupplýsingar

Í árgangnum eru 46 nemendur, 23 piltar og 23 stúlkur. Kennslustundir eru 33 í kjarnagreinum og 5 í valgreinum. Umsjónarkennarar eru Bryndís Jóna Magnúsdóttir og Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir.

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Danska

Kennari: Martha Ó. Jensdóttir

Tímafjöldi: 4 stundir á viku

Markmið: Með námi í dönsku er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Lifandi tungumál eru síbreytileg og tengsl málnotkunar og menningar eru órjúfanleg. Samkvæmt námskránni er dönskunámi skipt í fjóra þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál (samskipti og frásögn) og 4) ritun.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Hlustun – að nemandi

- geti skilið aðalatriði venjulegs talmáls í samtölum tveggja og frásögnum þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans eða í viðfangsefni sem fjallað er um í öðrum þáttum dönskunámsins.
- fylgi nokkuð auðveldlega atburðarás í frásögn þar sem hann getur sett sig inn í aðstæður.
- skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er beint við hann um málefni sem hann þekkir og hefur fengist við.

Lestur – að nemandi

- geti lesið fyrirhafnarlítið texta á frekar léttu máli.
- geti leitað eftir upplýsingum t.d. á netinu, og í uppflettibókum.
- geti lesið mismunandi texta þar sem áhersla er lögð á að skilja hvert orð (og nota við það glósutækni og orðabækur), áttað sig á samhenginu og svo hraðlesið sögur eða stuttar bækur þar sem skrifaður er stuttur útdráttur úr efninu.

Talað mál - samskipti – að nemandi

- geti beðið viðmælanda um að endurtaka, útskýra eða að segja með öðrum orðum það sem sagt var til að fullvissa sig um gagnkvæman skilning.
- geti hrósað öðrum, látið í ljós þakklæti, ánægju eða óánægju og borið fram kvartanir.
- geti notað grunnorðaförða sem unnið hefur verið með á eigin forsendum í nýju samhengi.

Talað mál – frásögn – að nemandi

- geti endursagt stutta texta eða frásagnir með aðstoð minnispunkta og hjálparorða.
- geti með einföldum hætti lýst útliti, persónuleika og lifnaðarháttum fólks auk atburða og fyrirætlana í daglegu lífi.

Ritun – að nemandi

- geti skrifað stutta og skiljanlegan texta (80-100 orð) út frá grunnorðaförða.
- geti skrifað einfaldar endursagnir t.d. út frá lestri eða fyrirmælum.
- geti skrifað einfaldan texta í nútíð og þátíð þar sem notaðar eru algengustu samtengingar, t.d. *som, og, fordi, at.*

Málfræði – að nemandi

- þekki og geti beitt ákveðnum og óákveðnum greini.
- eintölu og fleirtölu.
- nútíð og þátíð.
- tölum.
- sögnum, nafnorðum, lýsingarorðum, forsetningum og fornöfnum.

Námsefni:

Dejlige Danmark, lesbók og vinnubók.

Glimrende, lesbók og vinnubók.

Sagnablað (63 óreglulegar sagnir).

Ýmis verkefni og textar á blöðum frá kennara.

2 smásögur lesnar.

2 dvd myndir sýndar og unnið út frá þeim.

Kennslutilhögun: Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s beina kennslu, utanbókarnám, hugtakakort, þemavinnu, hópverkefni, umræðu- og spurnaraðferð. Unnið er markvisst með bókina Dejlige Danmark og samhliða er unnið í verkefnabók sem fylgir henni. Þegar nemendur hafa lokið Dejlige Danmark verður farið í bókina Glimrende. Nemendur læra 63 óreglulegar sagnir og verða sagnapróf með reglulegu millibili. Innlagnir verða á þeirri málfræði sem áður hefur verið talin upp og verða verkefni og ritunarstílar unnir út frá Dejlige Danmark og Glimrende. Horft verður á 2 dvd myndir og unnin verða verkefni út frá þeim. Einnig verða lesnar tvær smásögur og ritunarverkefni unnin út frá því. Nemendur taka próf úr léttlestrarbókunum. Þegar tækifæri gefst skrifa nemendur í leiðarbók, misjafnlega mikið eftir aðstæðum og tilefnum.

Námsmat: Áætlað er að nemendur taki kaflapróf úr Dejlige Danmark og Glimrende en prófin eru t.d. gagnapróf, einstaklingspróf og parapróf. Fyrir áramót verða tekin 12 sagnapróf. Einnig verða ýmis verkefni unnin sem gilda munu til einkunnar. Munnlegt próf verður tekið einu sinni fyrir áramót.

Hlutföll í námsmati eru:

Vetur:	kaflapróf	30 %
	dvd mynd/verkefni	10 %
	munnlegt próf	10 %
	leiðarbók	10 %
	smásaga	10 %
	sagnapróf	20 %
	hlustun	10%
Vor:	kaflapróf	60 %
	hlustun	10 %
	leiðarbók	10 %
	dvd mynd/verkefni	10 %
	smásaga	10 %

Enska

Kennarar: Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 4 tímar á viku.

Markmið:

Hlustun – að nemandi:

- geti skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir.
- geti skilið meginefni þegar nokkrir tala saman og greint hver segir hvað.
- þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða og geti notað hlustunarefni til að vinna ákv. verkefni.
- geti skilið leiðbeiningar og nákvæm fyrirmæli.

Lestur – að nemandi:

- geti lesið megininntak úr völdu blaðafni og átti sig á hvenær er nauðsynlegt að skilja lesefni til hlítar, s.s. leiðbeiningar, fyrirmæli o.s.frv.
- geti leitað ákveðinna upplýsinga í texta.
- geti lesið bókmenntaefni við hæfi sér til ánægju og yndisauka.
- þjálfist í að vinna með orðaforða í tengslum við texta.

Talað mál – að nemandi:

- geti notað ensku á lipran hátt í persónulegum samskiptum, m.a. tjáð skoðanir sínar og tilfinningar.
- hafi náð tökum á framburði, áherslum og hrynjandi.
- geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hafur lesið um, hlustað á eða horft á og geti gefið upplýsingar um valda þætti í íslenskri menningu.

Ritun – að nemandi

- geti skrifað skiljanlega samfelldan texta á nokkuð réttu máli.
- geti tjáð sig skiljanlega um efni sem hann hefur lesið um, heyrt eða horft á.
- þjálfist í að vinna með orðaforða í ritunarverkefnum og noti orðabækur í tengslum við ritun.

Námsefni:

- Matrix pre-intermediate lesbók og vinnubók f. áramót
- Matrix intermediate lesbók og vinnubók e. áramót
- Move on og verkefni
- Kjörbækur – The Moonspinners, Love Story og Dr. Jekel and Mr. Hyde
- The Schooltimes – Valin verkefni.
- Ýmis verkefni og textar sem er að finna í verkefnamöppum.
- Óreglulegar sagnir.

Kennslutilhögun:

Í ensku er unnið samhliða með 4 þætti tungumálsins; hlustun, lestur, ritun og talað mál.

Bókin Matrix er lögð til grundvallar og nemendur vinna markvisst með hana allan veturinn. Farið er yfir hvern kafla í grunnbókinni fyrir sig og verkefni í vinnubókinni unnin samhliða. Þá verður einnig unnið sérstaklega með nýjan orðaforða, nemendur þreyta svo skrifleg próf við lok hvers kafla þar sem áhersla er lögð á hlustun, málfæði, orðaforða og ritun. Einnig munu nemendur læra óreglulegar sagnir og þreyta tilheyrandi sagnapróf. Lesnar verða bækurnar Moonspinners og Dr. Jekel and Mr. Hyde. Einnig eru þeir hvattir til að lesa enskar bækur á bókasafni. Þá verða nýttir hinir ýmsu textar af netinu.

Nemendur skila 5 ritunarverkefnum og velja eitt sem verður metið til einkunnar.

Kennsluaðferðirnar eru margar, nemendur eru til dæmis hvattir til að tala á ensku og mun kennari að einhverju leiti tala ensku í tímum þannig þjálfast nem í hlustun ásamt því að hlusta á verkefni og sögur af geisladiskum. Leitast er við að tengja enskunámið daglegu lífi og því sem er að gerast í

fréttum og dægurmálum. Unnið verður með blaðagreinir en einnig dægurlagatexta. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytni í efnisvali og áherslum og þannig reynt að koma til móts við þarfir og áhugasvið flestra. Mest vinna nemendur sjálfstætt, nokkuð er þó um þarvinnu og talsvert um umræður sem fara fram bæði í litlum hópum og svo bekkjarumræðum sem kennari stjórnar.

Unnið verður með bókina Matrix pre-intermediate sem nemendur byrjuðu á í 8. bekk.

Námsmat:

Námsmat í lok anna mun samanstanda af einkunnum úr kaflaprófum sem tekin eru í lok hvers kafla, sagnaprófum og öðrum verkefnum sem unnin eru. Rík áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér vönduð vinnubrögð. Þá munu nemendur meta stöðu sína sjálf að nokkru leyti. Þau munu setja sér markmið og meta svo sjálf hvernig til hefur tekist. Sjálfsmatið verður unnið í tengslum við einstök verkefni og kennslustundir.

Haust

Kaflapróf 3-5 **75%**

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 25%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Moonspinners **10%**

Bókin lesin og nemendur þreyta parapróf, við lesum bókina saman í tímum og vinnum úr henni í hópum áður en prófið er tekið

Sagnapróf **5%**

Nemendur taka 3 sagnapróf og samanlagt gilda þau 5%.

Ritun **5%**

Ritunarverkefni frá kennara.

Vinna **5%**

Vor

Kjörbók **10%**

Nemendur lesa bókina Dr. Jekyll and Mr. Hyde og í 4 manna hópum skila stuttmynd úr bókinni..

Kaflapróf 6-9 **80%**

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 20%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Sagnapróf **5%**

Nemendur taka 4 sagnapróf og samanlagt gilda þau 5%.

Ritun **5%**

Hóp- eða paraverkefni í ritun. Nánari lýsing síðar.

Íslenska

Kennarar: Agnes Ósk Ómarsdóttir, Bryndís Jóna Magnúsdóttir og Hulda María Newman.

Tímafjöldi:

7 tímar á viku. Hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu verður höfð að leiðarljósi. Kennt er í lotum og samkennsla verður þar sem því er við komið.

Markmið:

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem byggt er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra flokka: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun, 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur. Þetta skólaárið verður lesskilningi gefinn sérstakur gaumur og farnar verða fjölbreyttar leiðir til að efla áhuga nemenda á tungumáli sínu og lestri bóka almennt.

Kennslumarkmið:

- Að nemendur líti á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námsþátta sem nemendur eru þjálfaðir í án samhengis.
- Að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.
- Að nemendur fái tækifæri til margvíslegrar samvinnu, innan bekkjar og árgangsins t.d. með hópverkefnum, lestrarsamvinnu og lestrardagbók.

Námsmarkmið:

Að nemendur;

- skilji mikilvægi þess að geta lesið sér til gagns og ánægju
- þjálfist í að hlusta á upplestur og fyrirlestra á gagnrýninn hátt
- þjálfist í að taka þátt í samræðum og framsögn
- geti unnið saman í litlum hópum og tjáð skoðanir hópsins
- auki lesskilning sinn með yndisbókalestri og notkun lestrardagbóka
- geti lagt mat á gildi trúverðugleika texta og tekið gagnrýna afstöðu til þess
- geti notað algeng hugtök úr bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið
- nái valdi á stafsetningu og þekki flestar reglur um greinarmerkjasetningu
- þjálfist í skapandi skrifum
- þjálfist í að skrifa mismunandi textategundir og geti notað orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt
- auki við hugtakabekkingu sína í málfræði og málnotkun
- hafi náð nokkurri leikni í að beita málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- geti nýtt sér málfræðibekkingu sína við nám í erlendum tungumálum
- þjálfist í að taka niður glósur og vinna hugtakakort
- efla færni sína í vinnubrögðum og öflun heimilda, geti nýtt sér orðabækur, handbækur og leiðréttingarforrit eftir þörfum

Námsefni:

Mályrkja II, grunnbók e. Þórunni Blöndal +hljóðbók

Finnur II, verkefni í málfræði og stafsetningu e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur

Málfinnur og Skriffinnur e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur

Gaurangur e. Ólaf Hauk Símonarson + hljóðbók

Kjalnesinga saga + hljóðbók og vinnubók

Sagnorð e. Magnús Jón Árnason

Smáorð e. Magnús Jón Árnason

Ljóð í tíunda e. Ragnar Inga Aðalsteinsson

Verkefnahefti með Ljóðum í tíunda

Smásagnasmáræði-íslenskar smásögur

Lesskilningsverkefni unnin af kennurum

Skilningsbókin

Blaðagreinar, valin ljóð, textabrot og fl.

Ítarefni:

Ljóðspeglar, tekin saman af Kolbrúnu Sigurðardóttur, Sverri Guðjónssyni og Þórdísi Mósesdóttur
 Fjölbreytt ljósritað efni fyrir nemendur
 Yndislestrarbækur
 Orðhákur 1-2 e. Magnús Jón Árnason
 Réttitunarorðabók/stafsetningarorðabók
 Kennsluvefir Heiðarskóla – (Málbjörg)
 Ljósrituð samræmd próf
 Lestu nú
 Lestu betur
 Gauragangur myndband

Kennslutilhögun:

Kennt verður samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem hinir fjórir flokkar íslenskunnar eru samþættir. Samfellu og stígandi er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluáferðum og margvíslegu námsefni. Námsefnið er kennt í lotum þar sem farið er í ákveðið viðfangsefni og því lokið áður en byrjað er á næsta. Höfðað er til færniþátta nemenda og leitast við að laða fram það besta hjá hverjum og einum. Kennsluáferðirnar eru fjölbreyttar, t.d. bein kennsla, lausnarleitarnám, einstaklingskennsla, hópavinna, samvinnunám og sóknarskrift. Nemendum á þessu skólastigi er jafnframt kennd námstækni og öguð vinnubrögð þegar leitað er leiða til þess að örva málkennd og færni í íslensku máli. Í því samhengi skrifa nemendur málfræðireglur og bókmenntatengd hugtök í leiðarabók. Sérstök áhersla verður lögð á lestur þar sem einni kennslustund á viku verður varið til lestrar. Lestrardagbók nota nemendur með yndislestri, sem eykur lestrargetu og lesskilning, ritun og færni í öllum fjórum flokkum íslenskunnar. Leitast verður við að auka lesskilning nemenda með ýmsum aðferðum. Má þar nefna orðabanka í lestrardagbók, verkefni unnin úr Skilningsbókinni, orðabókaverkefni og umræður og verkefni um málfar í blaðagreinum og völdum textum.

Námsmat: Janúar 2012

	Tímabil	Hlutfall
Sagnorð	september	10%
Ritgerð	október	10%
Smáorð	nóvember	25%
Bókmenntir – Gauragangur próf	nóvember	20%
Tímaritgerð - skáldsaga	nóv./des.	10%
Hópverkefni – málfræði	janúar	3%
Lesskilningspróf	janúar	12%
Lestrardagbók	janúar	10%
		100%

Námsmat: Vor 2012

	Tímabil	Hlutfall
Bókmenntir – Kjalnesinga saga	febrúar	20%
Myndband eða ritgerð	febrúar	5%
Tímaritgerð	mars	10%
Bókmenntir og Finnur II.	apríl	25%
Kjörbókarritgerð	apríl/maí	10%
Málfræði og ljóð	maí	15%
Lesskilningur	maí	10%
Lestrardagbók	maí	5%
		100%

Nemendur taka raddlestrarpróf 9. bekkjar að hausti.

Nemendur þurfa, skv. viðmiði grunnskóla Reykjaneshæjar, að geta lesið 200-240 orð á mínútu (300-370 atkvæði) við lok grunnskóla til að geta tekist á við framhaldsnám.

GRP 14 skimunarpróf er lagt fyrir að hausti.

Íþróttir

Kennarar: Helena Ósk Jónsdóttir og Jón N. Hafsteinsson

Tímalfjöldi: 2 tímar í viku

Prepamarkmið í skólaíþróttum fyrir 9. bekk

Skynþroski – hreyfiþroski

Nemandi

- viðhaldi skyn- og hreyfifærni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og hliðarstökki yfir kistu og jafnvægisgöngu á bita
- auki færni sína og sérhæfingu í íþróttagrein eða annarri hreyfingu eftir vali og áhugasviði
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu, s.s. fjallgöngu, hjólreiðum og gömlum dönsum
- nái frekari tókum á undirstöðuatriðum vetraríþróttar, s.s. að renna sér á skautum, ísknattleiks, að renna sér á svigskíðum og skíðagöngu
- fái tækifæri til að iðka íþróttagrein að eigin vali í styttri eða lengri tíma
- fái fjölbreytta hreyfireynslu af íþróttum og heilsurækt utan- sem innanhúss

Líkamsþroski – fagurþroski

Nemandi

- þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, s.s. 2000 m hlaupi, hraðaleikjum og ratleikjum
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum fyrir helstu vöðvahópa líkamans, handstöðu og klifri í köðlum, langstökki án atrennu, að nota eigin líkamspunga til kraftþjálfunar og að nota létt áhöld og lóð til kraftþjálfunar
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð, s.s. æfingum sem stuðla að rétttri beitingu mismunandi líkamshluta, leikjum af ýmsum toga og 100 og 200 m hlaupi
- þjálfir þrek sitt á leikrænan hátt með undirstöðuæfingum ýmissa íþróttagreina
- beiti rétttri tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. sérhæft þolpróf, 2000 m hlaup, kraftpróf, langstökk án atrennu, liðleikapróf og próf sem kennari velur
- læri nýjan íslenskan og erlendan dans
- þjálfist enn frekar í að auðga hugmyndaflug, sköpunarmátt og tjáningu með fjölbreyttu hreyfinámi

Félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski

Nemandi

- þjálfist í að skipuleggja og taka þátt í samstarfsverkefnum, s.s. dansi og danssýningum, spuna og skapandi hreyfingu, gönguferðum og íþróttasýningum
- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga, s.s. ratleikjum og hóp- eða liðakeppni
- átti sig á því hvaða íþróttagrein eða heilsurækt henti sér best út frá getu og áhuga

- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar
- fái upplýsingar og kynningu á möguleikum til að stunda íþróttir hjá íþróttafélögum í heimabyggð eða næsta nágrenni

Vitsmunaproski

Nemandi

- öðlist viðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta, s.s. með tilliti til næringarþarfa og orkuþarfa
- öðlist grunnþekkingu á nokkrum hugtökum þolþjálfunar, s.s. þjálfunarpúls, hvíldarpúls, hámarkspúls, loftháðri þolþjálfun og loftfirrtri þolþjálfun
- læri helstu reglur og átti sig á leikfræði helstu íþróttagreina
- þjálfist í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu æfingadagbókar fyrir eigin þjálfun í líkams- og heilsurækt

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum verður farið í leiki og gerðar æfingar. M.a. verður farið í boltagreinar (fótbolta, körfubolta, blak), fimleika, hafnabolta, golf, bandý, hringþjálfun, frjálssar og leiki eins og eltingaleiki, boðhlaup, einfalda ratleiki o.fl.

Námsmat: Í formi umsagnar í lok haustannar og einkunnar í lok vorannar:

Ástundun, hegðun og frammistaða í tímum 40%

Prófæfingar 60%

Prófæfingar mæla: þol, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

Lífsleikni

Kennarar: Bryndís Jóna Magnúsdóttir og Ragnheiður G. Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið:

Að nemandi

- verði fær um að beita gagnrýninni hugsun í samskiptum, skapandi starfi og við að setja sér markmið og taka ákvarðanir
- læri að íhuga á gagnrýninn hátt langanir sínar, væntingar og sérstöðu til að öðlast aukna sjálfsþekkingu
- verði meðvitaður um rétt sinn til að halda draumum sínum og skoðunum fyrir sjálfan sig og rækta lífsgildi á eigin forsendum
- styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu
- þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- geti metið hvaða skyldur og ábyrgð hann ber gagnvart samborgurum sínum og eflir með sér borgaravitund
- geti rætt um þætti sem kunna að stuðla að velferð þjóðarinnar og alls mannkyns
- átti sig á því að þeir eru sjálfir ábyrgir fyrir sínu lífi og námi – uppbyggingarstefnan

Einelti er ekki liðið í Heiðarskóla, Olweus:

- Horft á „Unglingamyndbandið”
- Rifjað upp skilgreiningu á einelti

- Farið í gegnum eineltishring
- Haldnir bekkjarfundir reglulega
- Settar bekkjarreglur gegn einelti

Námsefni:

Leið þín um lífið, valdir kaflar
Vertu reyklaus, frjáls fyrir 9. bekk, valdir kaflar
Leiðarvísir um uppbyggingu sjálfsaga, nemendabók. e. Joel Shimoji, valið efni.
Að sætta sjónarmið, nemendabók e. Diane Gossen
Breytingar
Dagblöð, tímarit, fjölmiðlar, netið

Kennslutilhögun: Farið verður í valda kafla úr þeim bókum sem nefndar eru að ofan, einnig verður mikið unnið í tengslum við uppbyggingarstefnuna auk þess sem umræður verða um ýmis málefni sem tengjast líðandi stundu. Ætlunin er að fá gestafyrirlesara í heimsókn 2 – 4 sinnum yfir skólaárið í tengslum við það efni sem unnið er með hverju sinni.

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum metin til einkunnar með umsögn.

Náttúrufræði

Kennari : María Óladóttir

Tímafjöldi: 3 stundir

Eðlisvísindi

Markmið:

- Að nemendur þekki muninn á frumefni, efnasambandi og efnablöndu.
- Að nemendur þekki táknið efnafræðinnar, hvernig frumefni eru táknuð og þekki helstu frumefnin
- Að nemendur þjálfist í vísindalegum vinnubrögðum, fari eftir fyrirmælum og geti unnið einfalda skýrslu
- Að nemendur geti notað lotukerfið sér til gagns, t.d. til að geta spáð fyrir um eiginleika frumefna
- Að nemendur þekki byggingu frumeinda
- Að nemendur skilji hvernig frumeindir geta breyst í jónir
- Að nemendur þekki lögmálið um varðveislu massans
- Að nemendur skilji muninn á efnabreytingum, þ.e. hamskipti, leysingi og efnahvörfum.
- Að nemendur geti stillt einfaldar efnajöfnur og skilji hvað stilling þeirra felur í sér.
- Að nemendur átti sig á eðli og orsökum hreyfinga og kynnist hugtökum „hreyfifræðinnar“ t.d. ferð, hraði, hröðun og kraftur.
- Að nemendur þekki þyngdarlögmálið og að þyngdarkraftur verkar á milli alla hluta
- Að nemendur átti sig á muninum á massa og þyngd.
- Að nemendur kynnist vísindalegum vinnubrögðum og hvernig best er að bera sig í verklegum æfingum.

Námsefni:

Hafþór Guðjónsson 2005, **Efnisheimurinn** Námsgagnastofnun, Rvk.

Myndbönd og ljósrit.

Hálfdan Ó. Hálfdanarson þýddi og staðfærði.fl. 1998. **Kraftur og hreyfing**,
Námsgagnastofnun.

Lífvisindi**Markmið:**

- Að nemendur geti gert grein fyrir meginatriðum í ljóstillífum
- Að nemendur þekki flokkunarfræði
- Að nemendur þekki mismunandi flokka planta
- Að nemendur þekki mun á hryggdýrum og hryggleysingjum

Námsefni:

Hálfðan Ó. Hálfðanarson þýddi og staðfærði, 2006. Lífheimurinn
Myndbönd og ljósrit

Kennsluáferðir:

Fyrirlestrar og umræða um ný hugtök. Nemendur gera verklegar æfingar þegar það á við, gera skýrslur um æfingarnar og skila til kennara. Töluverð áhersla verður lögð á lestur og lesskilning, útdráttavinnu og söfnun nýrra hugtaka. Vísindalæsi er mikilvægt í nútímasamfélagi og verður leitast við að efla lesskilning nemenda á textum tengdum náttúrufræði og vísindum. Nemendur munu gera ýmis verkefni tengd þessu, t.d. safna nýjum hugtökum í leiðarabók og útbúa sér einskona orðskýringabók sem þeir geta nýtt sér í frekara námi í náttúrufræði. Nemendur munu gera hugtökin sem sýnilegust og nýta þau bæði í orði og riti með ýmsum verkefnum svo sem „plakatagerð“, glærusýningum og fleira. Nemendur munu einnig safna saman blaðagreinum um náttúrufræði og vísindi, sem við munum lesa saman og ræða í tímum.

Námsmat:

Hver kafli er metinn þegar yfirferð er lokið. Nemendur taka ýmist hefðbundin eða óhefðbundin próf. Einnig skila þeir verkefnum og leiðarabók reglulega yfir hvora önn. Kennari leitast við að hafa námsmat fjölbreytt.

Haust:

Kraftur og hreyfing	2. kafli	Parapróf	15%
Kraftur og hreyfing	3. kafli	Próf	15%
Kraftur og hreyfing	2. – 3. kafli	Tilraunir og skýrslur	10%
Lífheimurinn	1. kafli	Heimapróf	10%
Lífheimurinn	1. kafli	Verkefni	15%
Kraftur og hreyfing og Lífheimurinn		Leiðarabók/orðskýringar	20%
Kraftur og hreyfing og Lífheimurinn		Verkefni	15%

Vor:

Lífheimurinn	3.– 4. kafli	Verkefni	10%
Lífheimurinn:	5. kafli	Próf og verkefni	10%
Lífheimurinn:	6. – 7. kafli	Parapróf og verkefni	15%
Efnisheimurinn	1. kafli	Próf	5%
Efnisheimurinn	2. Kafli	Parapróf	10%
Efnisheimurinn	3. Kafli	Heimaverkefni	10%
Efnisheimurinn	4. Kafli	Gagnapróf	10%
Líf- og Efnisheimurinn		Leiðarabók/Orðskýringar	10%
Líf- og Efnisheimurinn		Tilraunir og skýrslur	10%
Líf og Efnisheimurinn		Verkefni	10%

Samfélagsfræði

Kennari: Bryndís Jóna Magnúsdóttir

Saga

Tímafjöldi: 3 kennslustundir í viku

Markmið

Að nemandi:

- kynni sér árin á milli heimstýrjaldanna tveggja, með sérstakri áherslu á ríkjandi öfgastefnur í stjórnámálum og heimskreppuna
- kynni sér aðdraganda, upphaf og atburðarrás seinni heimstýrjaldarinnar út frá ýmsum sjónarhornum t.d. ólíku hlutskipti Norðurlandanna, hlutskipti stríðsaðila á vígstöðvum og heima fyrir og gyðingaofsóknir
- fræðist um hernám Breta á Íslandi í ljósi stríðsins í Evrópu
- þekki vel aðstæður á Íslandi í heimstýrjöldinni síðari
- þekki áhrif hersetunnar á atvinnulíf, viðskipti og tækni og kunni skil á siglingum Íslendinga í stríðinu, áhættu og mannfalli
- þekki atburðarrásina sem leiddi til stofnunar Lýðveldis á Íslandi
- þekki aðdraganda varnarsamnings Íslendinga við Bandaríkin og framkvæmd hans
- kynni sér stjórn málasögu Íslands á 20. öldinni
- íhugi menningar- og þjóðernistogstreitu sem koma upp og mismunandi viðhorf hennar
- geti fylgt eftir og greint málefni sem eru ofarlega á baugi á líðandi stund

Námsefni: Stríðsárin á Íslandi e. Jenný Björk Olsen og Unni Hrefnu Jóhannsdóttir

Ljósrit, myndbönd og verkefni frá kennara.

Fréttir líðandi stundar.

Kennslutilhögun: Námið fer að mestu fram með fyrirlestrum, umræðum og ýmis konar verkefnavinnu. Nemendur vinna tvær ritgerðir, heimildaritgerð um valið efni og tímaritgerð.

Námsmat:	Haustpróf:	
	Kaflapróf 1	20%
	Kaflapróf 2	15%
	Kaflapróf 3	15%
	Ritgerð 1	15%
	Ritgerð/kvikmynd 2	15%
	Vinnubók	20 %

Landafræði

Tímafjöldi: 3 kennslustundir í viku.

Markmið:

- Nemandinn læri að bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum og kortum, læri að lesa úr og búa til aldurspíramída og ræði um hvaða þættir hafi áhrif á lífsskilyrði fólks
- Nemandinn skilji hvernig náttúruvarnarmál hefur áhrif á athafnir fólks og hvernig mismunandi menningarleg gildi, trúarleg viðhorf, efnahagsleg og pólitísk kerfi geta mótað umhverfið á ólíka vegu

- Nemandinn fái yfirlit yfir atvinnulífið og kynnist því hvernig atvinnu fólks er skipt í frumvinnslu, annars og þriðja stigs atvinnugreinar og hver þróun atvinnulífsins er
- Nemandinn kynnist því sem efst er á baugi í umhverfismálum og öðlist skilning á gildi umhverfisverndar heima og á heimsvísu
- Nemandinn öðlist yfirlit um heiminn, jafnt þætti náttúrufars sem og menningarleg einkenni og geti borið saman ýmis einkenni heimsálfanna
- Nemandinn kynnist vandamálum fólksfjölgunar og ójafnrar dreifingar mannfjöldans, þar með talið vaxandi borgvæðingu
- Nemendur kynnist megindrátum efnahagslífs þjóða og skiptingu heimsins í ríkar þjóðir og fátækar
- Nemandinn átti sig á hvað einkennir þróunarlönd t.d. með tilliti til atvinnuvega og tæknistigs þeirra, fæðingar- og dánartíðni, ungbarnadauða, læsis og fjölda lækna

Námsefni: Landafræði fyrir unglunga 2. hefti
Ljósrit, myndbönd og verkefni frá kennara

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar og verkefnavinna. Heimildaritgerð. Sérvalið efni til kynningar fyrir bekkinn.

Námsmat: Vorpróf:

Próf mannfjöldi	10 %
Gagnapróf Rússland	10 %
Gagnapróf Kína	10 %
Gagnapróf Indland	10%
Gagnapróf Afríka	10%
Ritgerð	20 %
Landakassi	20%
Vinnubók	10 %

Stærðfræði

Kennarar: Haraldur Axel Einarsson, Íris Ástþórsdóttir og Þóra Guðrún Einarsdóttir.

Tímafjöldi: 6 stundir á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 8. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“ (2007)

Markmiðin eru:

- að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- að efla vitsmunapróska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Að nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- temji sér vandaða meðferð máls og þjálfist í að nota táknmál stærðfræðinnar í bland við venjulegt mál
- taki þátt í samstarfsverkefni með bekkjarfélögum

Lausnir verkefna og þrauta

- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram

Röksamhengi og röksemdafærslur

- rökstyðji niðurstöður sínar og skýri lausnarleiðir af nákvæmni
- þjálfist í flokkun hugtaka eftir eiginleikum í undir- og yfirflokkka

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræði
- vinni með tímareikninga og lengdar- og flatarmælingar marghyrninga og hringa, einkum í metrakerfi
- kynnist dæmum og vinni verkefni um notkun stærðfræði í nútímapjódöfólum

Tölur

- vinni með veldareglur um heiltöluveldi
- vinni með framtölur og framtölubáttun, noti framtölubáttun við styttingu brota og átti sig á því að ein tala gengur upp í annarri ef allir frumbættir hinar fyrri felast í hinna seinni
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot með gefinni nákvæmni

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- vinni með formerkjareglur um reikninga með neikvæðum tölum
- vinni með veldi sem endurtekna margföldun, deilingu sem endurtekinn frádrátt og deilingu sem skiptingu
- kynnist staðalformi og kostum þess og reikni með tugveldum
- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum

Hlutföll og prósentur

- skipti stærðum í margvíslegum hlutföllum
- vinni með hlutföll í daglegu lífi og viðskiptum t.d. reikni milli gjaldmiðla og breyti mataruppskriftum
- öðlist færni í prósentureikningi þar sem finna þarf prósentu, hluta og heild og geti reiknað breytingar og mismun í hundraðshlutum

Mynstur og algebra

- vinni áfram að lausn á fyrsta stigs jöfnum með einni óþekktri stærð með áherslu á rökrétta notkun jafnaðarmerkis

Rúmfræði

- tileinki sér hugtakið hringur og hugtök honum tengd, s.s., geisli, þvermál, bogi og hringgeiri, samsíða, hornréttur, strendingur, teningur og sívalningur, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þessum hugtökum, borið þau saman og flokkað
- reikni rúmmál og yfirborðsflatarmál réttra strendinga, þrístrendinga og sívalninga

Tölfræði og líkindafræði

- vinni með og skilji hugtökin tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi
- fáið við líkindafræðileg verkefni sem tengjast daglegu lífi eða málefnum sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu, t.d. úrtakskönnunum og happdrættisleikjum

Námsefni:

Átta-tíu, bók 3 og 4.

Stærðfræði keppni grunnskólanna, ýmis ljósrit, gögn vegna BEST.

Þjálfanir 1-5.

Kennslutilhögun:

Unnið er með bókina heima og í tíma. Leiðarbókin er notuð sem glósubók, nemendur glósa allar helstu reglur, hugtök og aðferðir hvers kafla fyrir sig.

Notast verður við fjölbreyttar kennsluáðferðir s.s. sýnikennslu, beina kennslu, utanbókarnám, samræðuaðferðir, raunveruleg viðfangsefni, leikir og spil, þrautalausnir, frásagnir, þemavinnu, hugtakakort og kannanir.

Námsmat: Haust	Tímabil	Hlutfall
Heimadæmi - Tölur	september	10%
Rými – verkefni og próf	sept	15%
Próf – algebra	október	15%
Próf – jöfnur og gröf	nóvember	15%
Paraverkefni- talnameðferð	nóv/des	10%
Rökfræði og mengi – próf með gögnum	janúar	10%
Hugtakakort	janúar	5%
Yfirlitspróf	janúar	20 %
		100%

Námsmat: Vor	Tímabil	Hlutfall
Próf - Almenn brot	jan/feb	15%
Próf með gögnum – Hlutföll	Febrúar	10%
Próf - Stæður	mars	15%
Munnlegt próf – tölfræði og líkur	apríl	10%
Próf - Jöfnur	apríl/maí	15%
Próf með gögnum – Tími	maí	10%
Hugtakakort	maí	5%
Yfirlitspróf	maí	20%
		100%

Tekið skal fram að litið er á alla heimavinnu sem sjálfsagðan hlut og fylgst er reglulega með henni.

Sund

Kennarar: Elín Gunnarsdóttir, Helena Ósk Jónsdóttir og Jón Norðdal Hafsteinsson

Tímafjöldi: 1 tími í viku.

Skynþroski – hreyfiþroski

Nemandi

- viðhaldi sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- kynnist og nái grundvallarfærni í ýmsum möguleikum sundíþróttum, s.s.
 - flugsundi með og án hjálpartækja
 - skriðsundi og snúningum við bakka
 - baksundi og snúningum
- nái tókum á nákvæmri útfærslu í 75 m þrisundi
 - baksundi
 - bringusundi
 - skriðsundi
- nái tókum á nákvæmri útfærslu í 8 m kafsundi
- þjálfist í fatasundi eftir stungu af bakka og 50 m sundi, þar af 6–8 m kafsundi
 - nemandi þarf að troða marvaða, afklæðast á sundi og synda til baka sömu vegalengd

Líkamsþroski – fagurþroski

Nemandi

- taki þátt í markvissri sundþjálfun sem líkams- og heilsurækt
- taki þátt í sundþjálfun til að synda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka
 - 100 m bringusund þar sem tímalágmark er fyrir
 - drengi: 2 mín. 20 sek.
 - stúlkur: 2 mín. 25 sek.
 - 50 m skriðsund þar sem tímalágmark er fyrir
 - drengi: 60 sek.
 - stúlkur: 62 sek.
 - 25 m baksund þar sem tímalágmark er fyrir
 - drengi: 32 sek.
 - stúlkur: 34 sek.
- þjálfist í að geta synt 500 m viðstöðulaust með frjálstri aðferð

Félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski

Nemandi

- þjálfist í leikjum sem efla félagslega samvinnu
- þjálfist í verkefnum sem ná til hvatningar til áframhaldandi sundiðkunar

Vitsmunþroski

Nemandi

- þjálfist í að skipuleggja sundþjálfun fyrir eigin líkams- og heilsurækt
- öðlist þekkingu á tengslum markvissrar þjálfunar og árangurs í sundi.

Námsmat: Umsögn og upplýsingar gefnar um stöðu nemenda á hverri önn. Námsmat í formi einkunnar í lok skólaárs:

Ástundun, hegðun og frammistaða í tímum 40%

Prófæfingar 60%